UMBOÐSMAÐUR BARNA

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2026

Efni: Greiðsluþátttaka ríkisins í gleraugnakostnaði barna.

Umboðsmanni barna hefur borist ábending um greiðsluþátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna. Af því tilefni óskar embættið eftir upplýsingum um framkvæmd greiðsluþátttökunnar.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna og stuðla að því að Barnasáttmálinn sé virtur.

Um greiðsluþátttöku vegna sjónglerja eða snertilinsa fer samkvæmt reglugerð nr. 630/2021, um úthlutun sjónglerja eða snertilinsa, og annast Sjónstöðin framkvæmd hennar. Samkvæmt 4. gr. eiga börn á aldrinum 0 til 6 ára almennt rétt á greiðsluþáttöku tvisvar á ári og börn á aldrinum 7 til 12 ára árlega. Í sömu grein er heimild til tíðari úthlutunar þegar sjónlag breytist umtalsvert að mati sérgreinalæknis í augnlækningum.

Samkvæmt upplýsingum um greiðsluþátttöku vegna kaupa á gleraugum eða linsum fyrir börn falla umgjarðir ekki undir greiðsluþátttöku ríkisins. Fjárhæð endurgreiðslu fer eftir tegund og styrk glerja og er fyrir börn á aldrinum 7 til 12 ára aldrei hærri en helmingur verðs keyptra glerja. Fyrir þann aldurshóp nemur greiðsluþátttaka vegna glerja með styrk á bilinu 0,25 til 4,00 allt að 5.000 krónum á hvert gler.

Gler geta orðið verulega rispuð eða skemmst, án þess að óhapp hafi orðið, áður en ár er liðið frá kaupum og þörf fyrir endurnýjun því komið til án þess að sjónlag barns hafi breyst. Forsjáraðilar bera jafnframt kostnað við umgjarðir auk þess hluta kostnaðar við gler sem ekki fæst endurgreiddur, sem getur reynst fjölskyldum íþyngjandi.

Þá þurfa sum börn sérstök íþróttagleraugu með sjónstyrk til viðbótar við þau gleraugu sem þau nota daglega. Slík aukagleraugu geta verið mikilvæg forsenda þess að börn geti tekið þátt í íþróttum með öruggum hætti.

Með vísan til framangreinds óskar umboðsmaður barna eftir upplýsingum um eftirfarandi:

1. Hvernig farið sé með beiðnir um greiðsluþátttöku þegar endurnýja þarf gler barna vegna slits eða skemmda áður en almenn tímamörk samkvæmt reglugerðinni eru liðin.
2. Hvaða viðmið liggi til grundvallar mati á því að sjónlag hafi breyst umtalsvert samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar.
3. Hverjar séu forsendur þess að umgjarðir falli ekki undir greiðsluþátttökuna og hvort stuðningur vegna kaupa á umgjörðum fyrir börn hafi komið til skoðunar.
4. Hvort og að hvaða marki greiðsluþátttaka nái til sérstakra íþróttagleraugna með sjónstyrk, þar á meðal þegar barn hefur nýtt rétt sinn til greiðsluþátttöku vegna almennra gleraugna á sama tímabili.
5. Hvenær fjárhæðir greiðsluþátttöku hafi síðast verið endurskoðaðar, hvernig þær hafi þróast frá árinu 2021 og hvort þær hafi fylgt almennum verðhækkunum.
6. Hvort fyrirhugað sé að endurskoða reglur eða fjárhæðir greiðsluþátttöku vegna gleraugnakostnaðar barna.

Þess er óskað að svar berist fyrir 16. desember nk.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna